

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um tekjuskatta einstaklinga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hver var fjárhæð álagðra tekjuskatta (almennur tekjuskattur, sérstakur tekjuskattur, útsvar og fjármagnstekjuskattur), barnabóta og vaxtabóta á hverju árunum 2002–2004, tilgreint á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi?
2. Hver var tekjuskattsbyrði einstaklinga á árunum 2002–2004 í heild og eftir tekjum og fjölskyldugerð? Með tekjuskattsbyrði er hér átt við álagða tekjuskatta (almennan tekjuskatt, sérstakan tekjuskatt, útsvar og fjármagnstekjuskatt) alls, að frádregnum barnabótum og vaxtabótum, sem hlutfall af heildartekjum (launum, lífeyri, rekstrartekjum, fjármagnstekjum o.s.frv.) viðkomandi einstaklinga. Í svarinu verði greint á milli einhleypa annars vegar og hjóna og fólks í sambúð hins vegar. Flokkun eftir tekjum miðist við að í hvern flokk komi 10% framteljenda raðað eftir fjárhæð heildartekna þannig að í neðsta flokkinn komi þau 10% sem lægstur heildartekjur hafa á hverju ári, í þann næsta þau 10% sem næst koma o.s.frv. Efsti flokkurinn verði þó sundurgreindur í tvennt þannig að í hvorn hluta komi 5% tekjuhæstu framteljendanna.
3. Hver yrðu áhrifin á tekjuskattsbyrðina í sundurliðun 2. liðar ef tekjusköttum væri breytt um 1,5 milljarða kr. og breytingin gerð með:
 - a. lækkun almenna tekjuskattshlutfallsins,
 - b. lækkun persónuafsláttar,
 - c. lækkun sérstaka tekjuskattsins,
 - d. lækkun fjármagnstekjuskatts?Hver yrði niðurstaðan í a- og b-lið ef miðað væri við 5 milljarða kr. breytingu? Hver yrði niðurstaðan í a- og b-lið ef miðað væri við 10 milljarða kr. breytingu? Fjárhæðir og hlutfallstölur óskast miðaðar við tekjuárið 2004 (álagningarár 2005).

Skriflegt svar óskast.